

Landmótun  
Yngvi Þór Loftsson  
Hamraborg 12  
200 Kópavogur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
12 FEB. 2009
54.22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. febrúar 2009  
Tilvísun: UST20081100094/ksj

**Húnaþing Vestra, Aðalskipulag 2002-2014. Breyting á aðalskipulagi í landi Bessastaða**  
**Húnaþing Vestra, tillaga að deiliskipulagi í landi Bessastaða**

Vísað er til erindis Landmótunar er barst 20. nóvember 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Húnaþings Vestra 2002-2014 og tillögu að deiliskipulagi í landi Bessastaða í Húnaþingi Vestra.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Húnaþings Vestra 2002-2014 nær til hluta jarðarinnar Bessastaða á Heggstaðanesi. Landnotkun er breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði þar sem fyrirhugað er að setja upp sendistöð á vegum flugfjarskipta ehf fyrir tal- og gagnaviðskipti við flugvélar. Ennfremur er gerð breyting á tengivegi til samræmis við legu hans í landi Bessastaða. Ráðgerðar eru eftirfarandi framkvæmdir á 36-48 ha svæði sem skilgreindir verða iðnaðarsvæði: Aðkomuvegur að stöðvarhúsi sem mun fylgja að mestu núverandi vegslóða sem liggur austan við fyrirhugað iðnaðarsvæði. Einbreiður vegur sem ráðgerður er milli loftneta. Stöðvarbygging allt að 200 m<sup>2</sup>. Alls 12 loftnet eða möstur sem verða 18-40 m há. Fjárheld girðing umhverfis væntanlegt iðnaðarsvæði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið.


Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að huga að því að slóðar komi til með að liggja vel í landi og séu ekki hærri en landið umhverfis og verði sem minnst sýnilegir.

Umhverfisstofnun tekur undir að í deiliskipulagi er staðsetning mastra ekki niðurnjörvuð heldur skal koma þeim fyrir svo rask verði eins lítið og kostur er.


Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við erindið.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Byggingarfulltrúinn Húnaþingi